

## Stafrænt ráð

Ár 2022, miðvikudaginn 14. september, var haldinn 3. fundur stafræns ráðs. Fundurinn var haldinn á Höfðatorgi og hófst kl. 13:30. Eftirtalin voru komnir til fundar í fundarherberginu Hofi: Kristinn Jón Ólafsson, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Andrea Jóhanna Helgadóttir, Björn Gíslason, Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir, Friðjón R. Friðjónsson og Skúli Helgason. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Óskar J. Sandholt og Karen María Jónsdóttir. Fundarritari var Eva Pandora Baldursdóttir.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 9. september 2022, sbr. samþykkt borgarstjórnar, dags. 6. september 2022, á því að Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir taki sæti í stafrænu ráði stað Alexöndru Briem og að Alexandra taki sæti sem varamaður í ráðinu í stað Elísabetar. Jafnframt var samþykkt að Kristinn Jón Ólafsson verði kjörinn formaður ráðsins. MSS22060158
2. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs dags. 17. ágúst 2022, um árshlutauppgjör - sex mánaða uppgjör þjónustu- og nýsköpunarsviðs 2022. ÞON22080032
3. Lögð fram skýrsla þjónustu- og nýsköpunarsviðs um verkefnið Betri borg fyrir börn: Skólaþjónusta á Barnamenningarhátíð og Hönnunarmars 2022, dags. í júlí 2022. ÞON22040022
4. Lagt fram erindisbréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs um stofnun starfshóps vegna greiningu á þjónustu í þjónustuveri, dags. 5. september 2022. ÞON22080047
5. Lögð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands, um verkefni atvinnu- og borgarþróunarteymis, sbr. 10. lið fundargerðar stafræns ráðs frá 24. ágúst 2022. ÞON22080053

Vísað til meðferðar forsætisnefndar.

6. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 31. ágúst 2022, þar sem fram kemur að fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um stafrænar lausnir við umsóknir tengdum leikskólum hafi verið vísað til meðferðar stafræns ráðs. MSS22080171

Vísað til umsagnar skóla- og frístundasviðs.

7. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 7. september 2022, þar sem fram kemur að fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um hlunnindi til starfsmanna þjónustu- og nýsköpunarsviðs hafi verið vísað til meðferðar stafræns ráðs. MSS22090010

Vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

8. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 7. september 2022, þar sem fram kemur að fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um stöður lögræðinga á þjónustu- og nýsköpunarsviði hafi verið vísað til meðferðar stafræns ráðs. MSS22090011

Vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

9. Fram fer kynning á skrifstofu gagnþjónustu og grunngagnaverkefnum. ÞON22080041

Inga Rós Gunnarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. Fram fer kynning á aðferðarfræði verkefnaráðs þjónustu- og nýsköpunarsviðs, Fylkinu og forgangsröðun stafrænna verkefna. ÞON20060042

Þröstur Sigurðsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. Fram fer kynning á Hverfinu mínu og tímalínu verkefnisins árið 2022. MSS22020075

Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið auk Önnu Kristinsdóttur og Eiríks Búa Halldórssonar sem taka sæti á fundinum með rafrænum hætti.

12. Fram fer kynning á nýjum vef lýðræðisgátta Reykjavíkurborgar. MSS22080257

Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið auk Önnu Kristinsdóttur og Eiríks Búa Halldórssonar sem taka sæti á fundinum með rafrænum hætti.

13. Fram fer kynning á útgáfu kynningarrits um lýðræðisgáttir Reykjavíkurborgar. MSS21110030

Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið auk Önnu Kristinsdóttur og Eiríks Búa Halldórssonar sem taka sæti á fundinum með rafrænum hætti.

14. Fram fer kynning á Bloomberg samstarfinu 2021 - 2024. ÞON21100031

Arna Ýr Sævarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið ásamt Mai-Ling Garcia sem tekur sæti á fundinum með rafrænum hætti.

15. Fram fer kynning á stöðu verkefnisins Betri borg fyrir börn. ÞON21100031

Arna Ýr Sævarsdóttir, Gró Einarsdóttir, Orri Freyr Rúnarsson og Tindur Óli Jensson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

16. Lagt fram bréf borgarskjalavarðar um frumkvæðisathugun Borgarskjalasafns Reykjavíkur á skjalavörslu í Austurbæjarskóla, dags. 1. september 2022. ÞON22090009

Svanhildur Bogadóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- kl. 15:59 vikur Skúli Helgason af fundinum.

- kl. 16:04 vikur Karen María Jónsdóttir af fundinum.

17. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Þjónustu- og nýsköpunarsviði verði falið að smíða stafrænt mælaborð sem birt verði á vef Reykavíkur og aðgengilegt af [reykjavik.is/leikskolar](http://reykjavik.is/leikskolar) þar sem fram kemur eftirfarandi: 1.) Hve mörg börn á aldrinum 0-5 ára búa í hverju grunnskólahverfi fyrir sig, greint eftir aldri barnanna. 2.) Hve mörg leikskólarými séu borgarreknum leikskólum í hverju grunnskólahverfi. Tölur verði uppfærðar að minnsta kosti ársfjórðungslega. Eftir birtingu ofangreindra upplýsinga verði næsta skref með þeim hætti að birt verði: 1.) Hve mörg börn í hverju grunnskólahverfi hafa hafið leikskólavist. 2.) Hlutfall barna sem hefur leikskólavist í heimahverfi. Þriðja skref verði með þeim hætti að bætt verði við upplýsingum frá skipulagssviði um hve margar íbúðir séu í byggingu þannig hægt verði að gera grófa spá fyrir um þörf á skóla- og leikskólarýmum í hverju grunnskólahverfi fyrir sig. Þá verði bætt við upplýsingum úr nýju innritunarkerfi leikskóla sem er í smíðum þegar smíði þess er lokið þannig að allir borgarbúar sjái með lifandi hætti tölfræðilegar upplýsingar um stöðu innritana og fjölda plássna í leikskólum borgarinnar. PON22090038

18. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Á fundi stafræns ráðs þann 24. ágúst s.l. var nýtt umbreytingarverkefni fyrir leikskólainnritun kynnt meðlimum ráðsins án þess að kostnaður við kerfið lægi fyrir. Óskað er eftir upplýsingum um heildarkostnað við verkefnið. PON22090039

**Fundi slitið kl. 16:10**

Kristinn Jón Ólafsson

Aðalsteinn Haukur Sverrisson  
Björn Gíslason  
Friðjón R. Friðjónsson

Andrea Jóhanna Helgadóttir  
Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir